



Auglýsing um skipulagsmál - Skagafjörður

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 13. fundi sínum þann 10. maí 2023 að auglýsa tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar eru samtals fimm og taka til íbúðarbyggðar á Sauðárkróki og Hofsósi, íþróttasvæðis hestamanna á Sauðárkróki, kirkjugarðsins á Nöfum og Varmahlíðarskóla og nágrenni. Samhliða eru auglýstar tillögur að deiliskipulagi fyrir hvert svæði í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillögunar eru auglýstar frá 7. júní til og með 19. júlí 2023. Tillögunar munu liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofu-tíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillögunar. Athugasemdir varðandi skipulagstillögunar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is í síðasta lagi 19. júlí 2023.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar

Hér er nánar fjallað um tillögunar og viðfangsefni:

Íbúðarbyggð á Sauðárkróki – Sveinstún

Tillaga að deiliskipulagi

Skipulagssvæðið er um 8,8 ha að stærð og afmarkast af Sæmundarhlíð, Skagfirðingabraut og Sauðárkróksbraut. Í skipulaginu er skilgreind ný íbúðarbyggð með aðkomu frá Sæmundarhlíð. Gert er ráð fyrir 84 íbúðum á 38 lóðum fyrir einbýli, par-, rað-, og fjölbýlishús. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Viðfangsefni breytingarinnar felur í sér stækkun á landnotkunarreit fyrir íbúðarbyggð nr. ÍB410 til suðurs inn á hluta reits SL402 sem fær nýja landnotkun sem opið svæði. Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun íbúða á svæðinu í 85 íbúðir í einbýli, par-, rað-, og fjölbýlishúsum. Breyting er gerð á þéttbýlisupprætti Sauðárkróks og greinargerð.

Íbúðarbyggð á Hofsósi – sunnan Kirkjugötu

Tillaga að deiliskipulagi

Skipulagssvæðið er um 3,4 ha að stærð. Í skipulaginu eru skilgreind lóðarmörk, byggingarreitir, bílastæði og gönguleiðir á svæðinu. Í kjölfar athugasemda sem bárust á auglýsingatíma í árslok 2022 voru gerðar breytingar á skipulagsupprætti og greinargerð. Á fundi skipulagsnefndar 27. apríl 2023 var samþykkt að endurauglýsa tillöguna. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breytingin felst í að bæta við fjölda nýrra íbúða fyrir íbúðar-svæði ÍB602. Markmið og ákvæði um íbúðarbyggð á Hofsósi haldast óbreytt. Breytingin er aðeins sett fram í töflu 6.1 en afmörkun svæðisins á þéttbýlisupprætti Hofsóss er óbreytt.

Flæðagerði – íþróttasvæði hestamanna

Tillaga að deiliskipulagi

Skipulagssvæðið er um 33 ha að stærð og afmörkunin samsvarar íþróttasvæði nr. ÍP404 í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Viðfangsefni skipulagsins eru m.a. að svara aukinni eftirspurn eftir hesthúsalóðum, að leggja til planlegu nýrrar götu í Tjarnargerði og skilgreina lóðarmörk, byggingarreiti og skilmála. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breytingin er felur í sér að leyfilegt byggingarmagn á íþróttasvæði ÍP404 er aukið. Að öðru leyti er stefna um landnotkun á íþróttasvæðinu, stærð þess og afmörkun á þéttbýlisupprætti óbreytt. Breyting er gerð á töflu í greinargerð.



Sauðárkróskirkjugarður

Tillaga að deiliskipulagi

Skipulagssvæðið er 5,4 ha og er staðsett á Nöfum þar sem er núverandi kirkjugarður. Í skipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir tengt starfsemi kirkjugarðsins, stígakerfi, dvalarsvæði og framtíðar-fyrirkomulag grafarsvæða í garðinum. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breytingin er felur í sér landnotkunarreitir fyrir Sauðárkróskirkjugarð K401 er stækkaður til suðurs og stærð aðliggjandi opins svæðis OP405 og afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF401 breytt til samræmis. Breyting er gerð á þéttbýlisupprætti Sauðárkróks og í greinargerð.



Varmahlíðarskóli og nágrenni

Tillaga að deiliskipulagi

Skipulagssvæðið er um 5,6 ha að stærð. Í skipulaginu eru skilgreind gatna- og stígakerfi, lóðarmörk, byggingarreitir og byggingarskilmálar m.a. fyrir nýja leikskólabýggingu. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð og skýringarupprætti.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breytingin felur í sér stækkun svæðis samfélagsþjónustu S501 til vesturs inn á hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL501 og íþróttasvæði ÍP501. Afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæði AF501 við vesturmörk íþróttasvæðis er einnig breytt lítilsháttar. Ekki er lögð til breyting á stefnu um landnotkun svæðanna eða byggingarmagn. Breyting er gerð á þéttbýlisupprætti Varmahlíðar og greinargerð.

